

## Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
*Sent á samráðsgátt*

Reykjavík, 15. maí 2026

## Efni: **Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, mál nr. S-76/2026.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, mál nr. S-76/2026.

Megintilgangur fyrirhugaðra breytinga er að innleiða reglur um tilkynningarskyldu vegna tímabundinnar starfsemi, svo sem færanlegra starfsstöðva, í stað þess að krafist sé útgáfu starfsleyfis í hvert sinn sem starfsemi er flutt milli staða. Samtökin lýsa yfir stuðningi við þá megináherslu sem felst í einföldun stjórnsýslu og fækkun íþyngjandi leyfisveitingaferla, enda sé slíkt unnt án þess að dregið verði úr kröfum um mengunarvarnir. Samtökin vilja þó koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

### **Frestur til tilkynningar – fjórar vikur**

Samkvæmt drögunum skal tilkynning um staðsetningu og verktíma færanlegrar starfsemi berast eftirlitsaðila að jafnaði með fjögurra vikna fyrirvara. Í ákveðnum verkefnum, svo sem við neyðarviðgerðir eða aðrar ófyrirséðar aðstæður sem kalla á skjót viðbrögð til að sporna gegn tjóni, getur fjögurra vikna fyrirvari reynst íþyngjandi. Samtökin leggja því til að reglugerðin kveði skýrar á um heimild til að notast við styttri fresti þegar aðstæður réttlæta slíkt.

Þá benda samtökin á að eðli verkefna getur verið mjög mismunandi eftir umfangi starfsemi. Þegar um stærri verkefni er að ræða, svo sem flutning stærri bora yfir 1 MW, er fjögurra vikna frestur hóflegur og eðlilegur. Öðru máli gegnir hins vegar um smærri bora undir 1 MW sem eru skráningarskyldir. Verkefni slíkra bora eru oft skammvinn og krefjast hraðra viðbragða af hálfu jarðborunarfyrtækja. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki þurfa reglulega að bregðast með skömmum fyrirvara við beiðnum veitufyrirtækja um hreinsun borholna til að tryggja rekstraröryggi og afköst hitaveitna.

Sambærileg sjónarmið eiga við um rekstur færanlegra malbikunarstöðva, þar sem upp geta komið aðstæður sem krefjast þess að stöðvar séu fluttar og teknar í notkun með skömmum fyrirvara vegna brýnna viðgerða á innviðum. Íslenskar aðstæður, meðal annars vegna veðurfars og jarðhræringa, kalla á að fyrirtæki geti brugðist hratt við þegar innviðir verða fyrir skemmdum eða álagi. Geta fyrirtækja til að flytja búnað og hefja framkvæmd án óþarfa tafa er þar lykilþáttur í viðnámsþrótti samfélagsins.

Með hliðsjón af framangreindu leggja samtökin til að regluverkið taki með skýrari hætti mið af þeim aðstæðum sem hér hafa verið raktar, meðal annars með því að tryggja aukinn sveigjanleika varðandi



tilkynningarfrest í sérstökum og brýnum tilvikum. Í framkvæmd gæti það verið hægt með því að sérstakur rökstuðningur fylgir tilkynningu um hvers vegna ekki var hægt að virða fjögurra vikna viðmiðið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

*Jóhanna Klara Stefánsdóttir*  
Jóhanna Klara Stefánsdóttir  
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs